

Bæjarráð Garðabæjar
Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður
Garðatorgi 7 210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	13.11.19
Málalýðili	05.60 -
Mál nr.	191/213

Garðabæ, 10. nóvember 2020

FÉLAG ÁHUGAMANNA UM SÖGU BESSASTAÐASKÓLA UMSÓKN UM STYRK VEGNA VIÐBURÐA Á ÁRINU 2020.

INNGANGUR

Félag áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla var stofnað árið 2008. Markmið þess er að halda sögu Bessastaðaskóla á lofti, stuðla að rannsóknum á sögu skólans og áhrifum hans á samfélag og menningu.

STYRKUMSÓKN FYRIR 2020

Á liðnu starfsári fékk félagið styrk frá menningar- og safnanefnd Garðabæjar að upphæð kr. 325.000 til að standa fyrir fræðsludagskrá og ljúka vinnu við hönnun og uppsetningu nýrrar vefsíðu (www.bessastadaskoli.net) sem Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, opnaði á fræðslufundi í Bessastaðakirkju þann 26. október sl. Yfirskrift dagskrár fundarins var að þessu sinni: „Komdu hér með kalda fingur þína“. Á fundinum lék Guðrún Birgisdóttir flautuleikari verk eftir Telemann, Kuhlau og Johann Sebastian Bach og Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur flutti erindið: „Af Sveinbjarnarsysturum – saga systra“.

Auk ofangreindra verkefna lét fráfarandi stjórn taka saman skrá yfir fræðsluerindi sem flutt hafa verið á fundum félagsins frá upphafi. Þá hefur félagaskrá verið uppfærð og tölvuskráð. Loks festi stjórnin kaup skáp til vörslu á gögnum í eigu félagsins í Bjarnastaðaskóla.

Á aðalfundi 26. október sl. voru eftirtalin kjörin í stjórn félagsins: Vilhjálmur Bjarnason (formaður), Ragnheiður Elín Clausen, Pétur H. Ármannsson, Gullveig Sæmundsdóttir og Guðrún Kvaran.

Stjórn félagsins áformar að standa að a.m.k. tveimur dagskrárviðburðum á komandi ári, ef fjárstuðningur fæst.

KOSTNAÐARÁÆTLUN


Greiðsla fyrir aðstöðu í Bessastaðakirkju ofl.	25.000
Greiðslur vegna fyrirlesara	100.000
Tónlistaratriði	100.000
Vinna við heimasíðu og kynningarmál	150.000
Veitingar og ófyrirséður kostnaður	25.000
Samtals :	400.000

Stjórn félagsins mun senda inn uppgjör vegna síðasta starfsárs síðar.

Félag um sögu Bessastaðaskóla er áhugamannafélag og allur undirbúningur viðburða á vegum þess er sjálfbóðavinna. Félagið leggur áherslu á að leita til lista- og fræðimanna sem búsettir eru í Garðabæ. Með því er leitast við að efla vitund um sameiginlegan og rikulegan menningararf þeirra byggða sem saman mynda sveitarfélagið Garðabæ.

Stjórn félagsins metur mikils stuðning Garðabæjar við félagið á undanförunum árum. Hann hefur sýnt sig að vera forsenda fyrir starfsemi á þess vegum. Von okkar er að þeir viðburðir á vegum félagsins hafi orðið til þess að auðga flóru menningarlífs í Garðabæ. Á þeirri forsendu leitum við enn til sveitarfélagsins um stuðning til áframhaldandi starfsemi með von um skilning og jákvæð viðbrögð.

Virðingarfyllt,



Vilhjálmur Bjarnason formaður

Ragnheiður Elín Clausen stjórnarmaður

Pétur H. Ármannsson stjórnarmaður

Guðrún Kvaran varamaður

Gullveig Sæmundsdóttir varamaður

Tengiliður : Vilhjálmur Bjarnason, Hlíðarbyggð 18, 210 Garðabæ

vilhj.bjarnason@gmail.com